

Nefndarsvið Alþingis
Atvinnuveganefnd
11.05.2023

Efni: Umsögn um frumvarp til laga breytingu á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum um stjórn fískveiða (153. löggjafarþing 2022-2023. Þingskjal 1524 — 976. mál)

Undirritaður vill fyrir hönd K Sigurðssonar ehf. lýsa yfir stuðningi við frumvarp um hlutdeildarsetningu á grásleppu, um leið og hann telur það einfaldasta og raunhæfasta kostinn í ljósi þess að grásleppuveiðum hefur hvort eð er verið stjórnað með heildar aflamarki síðan 2012. Það er flestum ljóst, sem einhvern áhuga hafa fyrir því að kynna sér málin, að sigið hefur á ógæfuhliðina hvað veiðistjórnunina á þessari tegund varðar í seinni tíð sem jafnframt bitnar á markaðsmálunum og nú er svo komið að eitthvað þarf undan að láta.

Undirritaður telur að við sem höfum stundað þessar veiðar eigum betra skilið en að þurfa að sætta okkur við núverandi ólympískt veiðifyrirkomulag og áframhaldandi óvissuástand undanfarina vertíða um ókomin ár.

Ef kjörnir fulltrúar geta ekki sætt sig við núverandi frumvarp ráðherra gerir undirritaður þær lágmarkskröfur til viðkomandi að hann/hún komi þá jafnframt fram með einhverja raunhæfar lausnir og hugmyndir til úrbóta.

Þið hafið öll spilin á ykkar hendi og ættuð að geta náð lendingu í þessu máli ef fyrir því er einhver vilji. Nánast allt er skárri en núverandi fyrirkomulag.

Viðingarfyllt
Fh. K Sigurðsson ehf.
Klemens Sigurðsson